

Reykjavík, 14. september 2022
USK22090082

Umhverfis- og skipulagsráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands, um ástand á friðlýstum húsum við Ingólfstorg.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. ágúst 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

*Stendur til að vinna að eða að krefjast viðunandi viðhalds á friðlýstu húsunum Vallarstræti 4 og Aðalstræti 7?
Hver sér um eftirlit með því að viðhaldi á friðlýstum húsum sé sinnt innan borgarinnar?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar byggingarfulltrúa, dags. 14. september 2022.

Svar:

Í 33. gr. laga um menningarminjar segir eftirfarandi

Ef viðhald friðlýsts húss eða mannvirkis er vanrækt getur Minjastofnun Íslands lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Líði sá frestur án þess að úr sé bætt getur stofnunin látið framkvæma nauðsynlegt viðhald og umbætur á kostnað eiganda eða lagt á dagsektir, sbr. 55. gr.

Ekki er vitað til þess að Minjastofnun hafi gert athugasemd við ástand umræddra húsa.

Í 3.10.1. gr. byggingarreglugerðar segir m.a. eftirfarandi:

Verði byggingarfulltrúi þess var að byggingarleyfisskyld framkvæmd sé hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ekki er sótt um leyfi fyrir breyttri notkun mannvirkis, það byggt á annan hátt en leyfi stendur til, mannvirkið eða notkun þess brýtur í bága við skipulagsskilmála, mannvirki er tekið í notkun án þess að öryggisúttekt hafi farið fram eða ef mannvirki er tekið til annarra nota en heimilt er samkvæmt útgefnu byggingarleyfi skal hann grípa til viðeigandi aðgerða og úrræða í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og X. kafla laga um mannvirki. Sama gildir ef ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss, annars mannvirkis eða lóðar er ábótavant, af því stafar hættu eða það telst skaðlegt heilsu að mati byggingarfulltrúa eða ekki er gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum, lögum, reglugerðum og byggingarlýsingu.



Þann 6. júlí s.l. hafði byggingarfulltrúi samband við Árna Helgason stjórnarformann Lindarvatns, sem er eigandi umræddra húsa, og gerði athugasemd við ástand húsanna, að það væri orðið þannig að ætla mætti að þeim færi að hraka hratt og hvenær mætti ætla að vinna við endurbætur á húsunum héldi áfram. Jafnframt var gerð athugasemd við ástand alls umhverfis húsanna. Lögð var áhersla á að ástandið þarna, í hjarta Reykjavíkur, verði ekki mikið lengur svona.

Því var svarað þannig að verið væri að leggja áherslu á að klára hótélhlutann, sem sé nú á lokametrinum og undirbúningur væri hafinn við að hefja endurbætur á gömlu húsunum sem allra fyrst. Sagt var að þegar yrði farið í að bæta umhverfið.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Nikulás Úlfar Másson, byggingarfulltrúi